heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali

Jón Bergsson
hdl. og
lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali

Gunnlaugur A. Björnsson
lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir

Hafdís Una Guðnýjardóttir
lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

VESTURLAND

28. september 2017

16 TÖLUBLAÐ 6. ÁRGANGUR

Dularfulla búðin

ÞINGMENN SKRIFA

Kirkja á afmæli

Ellý á tímamótum

Elínborg Halldórsdóttir, öðru nafni Ellý í Q4U - söngkona, myndlistarkona og kennari - hefur ekki endilega farið troðnar slóðir í lífshlaupi sínu. Nú stendur hún við vatnaskil. Sem fyrr er hún örög við að stökkva áfram inn í framtíðina. Eftir 15 ára búsetu á Akranesi hyggst hún flytja til Slóvakíu. Þar býr elsta dóttir hennar og er að ljúka læknanámi. Ellý segist þó vel geta hugsað sér að snúa aftur til Akraness. Þar hafi hún fest rætur og átt góð ár. Sjá miðopnu.

Framtak-Blossi er umboðsaðili fyrir VOLVO PENTA á Íslandi

Framtak-Blossi kappkostar að bjóða góða þjónustu og sanngjarnt verð á varahlutum.

VOLVO PENTA

Hafið samband við Hafþór í síma 895-3144 eða hafthor@blossi.is

FRAMTAK BLOSSI ehf

Dvergshöfða 27 , 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARA-SKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

RADSON áreiðanlegur hitagjafi

EN EURONORM 442

Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

10 YEAR QUALITY GUARANTEE

10 ára ábyrgð

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Með allt á hreinu í tæpa öld

Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

LEIÐARI



Samþjöppun aflaheimilda

Lítum aðeins á línu- og súluritið sem er prentað hér með þessum leiðara. Það birtist í byrjun vikunnar á Facebook-síðu Landssambands smábátaeigenda. Bláu súlurnar sýna fjölda útgerða sem áttu hlutdeild í fiskikvótum á Íslandi hvert fiskveiðiár frá 2005/2006 til og með 2017/2018 sem er yfirstandandi fiskveiðiár.

Þessum útgerðum hefur fækkað úr 946 fyrir 12 árum síðan í 382 nú um stundir. Þetta er 60 prósenta fækkun á árabilinu. Er þetta það sem menn vilja kalla „stöðugleika“? Er þetta „sjálfbær þróun“? Hverjar eru og verða afleiðingar þessa fyrir sjávarbyggðir vítt og breitt um landið?

Útgerðum með aflahlutdeild fækkar jafnvel þó að úthlutaður kvóti mældur í þorskígildistonnum hafi jafnvel aukist frá 2009/2010 til 2015/2016 að hann lækkaði aðeins en hefur þó haldist nokkuð stöðugur síðan. Þetta sýnir línuritið.

Hvað veldur þessu og hvert stefnir? Mun útgerðum fækka enn frekar og kvótinn safnast á færri hendur og færri staði meðfram ströndum landsins? Er það sú þróun sem við viljum sjá? Hvernig ætlum við að mæta þeim áskorunum sem þetta hefur í för með sér að óbreyttu? Af hverju ræða stjórnmálamenn ekki um þetta?

Stórt er spurt. Sé tekið mið af forgangsröðun í stjórnmálaumræðu undanfarinna örfárra vikna og á síðustu dögum þingsins sem nú hefur verið sent heim við lítinn orðstír, þá mun þó verða fátt um svör.

Magnús Þór Hafsteinsson

Volvo FM9 4x2
Árg. 2005

Einangraður kassi með hurð á báðum hliðum.

B244cm X L490cm X H240cm

Lyfta er af gerðinni MBB max 1500 kg

Uppl. síma 420 0400
Verð: 2.290.000 án vsk.

VESTURLAND

16. TBL. 6. ÁRGANGUR 2017

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Magnús Þór Hafsteinsson. Sími: 864 5585 **Netfang:** magnushafsteins@simnet.is
Efni blaðsins er skrifað af ritstjóra nema annað komi fram. **Umbrot:** Vefpressan.
Prentun: Landsprent. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 7.000 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG Í FYRIRTÆKI Á KJALARNESI, Í KJÓS, AKRANESI, HVALFJARÐARSVEIT, BORGARBYGGÐ, SNÆFELLSNESI OG Í DÖLUM. BLAÐIÐ LIGGUR EINNIG FRAMMI Á HELSTU ÞÉTTBÝLISSTÖÐUM Á SVÆÐINU AUK ÞESS SEM LESA MÁ ÞAÐ Á NETINU (FOTSPOR.IS).

Dularfulla búðin“ er í þekktu húsnæði á horni Merkurteigs og Skólabrautar á Akranesi.

Gufupönkið haslar sér völl á Akranesi

AKRANES:

Viðskiptahugmyndin er að vera hér með vísindaskáldsögusafn þar sem við höfum tengingu við þennan skáldskap 19. aldar. Það er þetta sem kallast „gufupönk“ eða Steam Punk upp á ensku. Þessu til stuðnings ætlum við svo að vera með veitingasölu.“

Ingimar Oddsson rekur forvitnilegan og nýstárlegan veitingastað við Skólabraut á Akranesi. Þetta er „Dularfulla búðin. Hún opnaði í byrjun sumars. „Það kom mikið af ferðamönnum hingað í sumar. Það var rólegt í júní en svo jókst það og nú í september hafa komið hingað heilu hóparnir frá ýmsum löndum. Það er mjög gott. Orðspor okkar er að berast út.“

Íslendingar sækja staðinn einnig heim. Ingimar segist bjartsýnn á framhaldið. „Við höfum sótt um styrki en ekki fengið eins og til þurfti. Þá var ekki um annað að ræða en að byrja á hinum endanum og opna hér bar og kaffihús og byggja síðan upp út frá því. Við erum hér með verslun þar sem við seljum ýmsan tískuvarning, föt og annað sem tilheyrir þessari gufupönkstefnu. Hér er svo ætlunin að þróa áfram eins konar fjöllistahús í gufupönkstíl.“

Ingimar er sjálfur klæddur í gufupönkstílnum. Hann vinnur nú að því að skapa frekar rétta umhverfið í „Dularfullu búðinni.“ Ljósm.: Friðþjófur Helgason.

Ingimar segir að „Dularfulla búðin“ bjóði upp á stöðuga viðburði. „Fjóra daga í viku erum við með fasta liði. Það er spilakvöld, síðdegiste á sunnudegi, skemmtikvöld á laugardögum og meira listræn tónlistarkvöld þar fyrir utan. Tónlistin fer bara eftir listamönnunum sem koma. Hér hefur verið flamencotónlist, keltnesk tónlist, músík frá Balkanlöndunum, jazz og fleira svo sem frumsamið íslenskt efni og jafnvel harmónikutónlist.“

Drangey við bryggju á Akranesi. Skipið er með nýstárlegt skrokklag og stórt og áberandi perustefni sem á að tryggja betri siglingareiginleika, meiri stöðugleika og aukna hagkvæmi.

Drangey á Skipaskaga

AKRANES: Drangey SK-2, nýr togari FISK Seafood á Sauðárkóki er nú í Akraneshöfn. Þar er unnið að því að setja um borð vinnslubúnað frá Skaganum 3X. Honum verður komið fyrir á millidekki og er ofurkælibúnaður fyrir fiskafla. Slíkur búnaður var settur fyrir nokkrum misserum um borð í Málmey SK-1 sem er í eigu sömu útgerðar.

Drangey er smíðuð í Tyrklandi. Skipið kom til landsins í ágúst. Það var fyrsta nýsmíði togara sem kom til Sauðárkróks í rúm 44 ár. Drangey er þriðja af fjórum systurskipum sem smíðuð eru hjá Cemre-skipasmíðastöðinni. Hin þrjú skipin eru Kaldbakur, Björgúlfur og Björg. Þau fara til Samherja og ÚA. Björgúlfur og Kaldbakur komu til landsins í sumar og hafa þegar hafið veiðar. Skipin eru hönnuð af Verkfræðistofunni Skipatækni og Bárði Hafsteinssyni. Drangey er 62,5 metra langt skip og 13,5 metra breitt. Skipið er skráð 2.081 brúttótonn, hefur 14 hnúta hámarks siglingarhraða og 40 tonna togkraft. Skipstjóri á skipinu er Snorri Snorrason.

Tæki til vetrarþjónustu

Wendel

Tangarhöfða 1
110 Reykjavík

Sími 551 5464
Fax: 551 4531

wendel@wendel.is
www.wendel.is

HEITIR POTTAR

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 30 ár.

Snorralaug

Gvendarlaug

Grettislaug

Unnarlaug

Geirslaug

Við fram-leiðum lok á alla potta

GEIRSLAUG

Nýr lerkiklæddur úrvals heitur pottur í nýjum búningi sem prýðir pallinn.

Eigum einnig „KALDA“ potta sem gott er að skella sér í fyrir dvölina í heita pottinum.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Krókakarlar vilja netaveiðar

SNÆFELLSNES:

Aðalfundur Snæfells – félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi var haldinn 17. september í Grundarfirði. Þar var Örvar Már Marteinsson frá Ólafsvík kosinn nýr formaður félagsins. Hann tók við af Guðlaugi Gunnarssyni sem gaf ekki kost á sér áfram eftir tveggja ára formennsku. Auk Örvars voru þeir Ásmundur Guðmundsson Stykkishólmi, Bergvin Sævar Guðmundsson Grundarfirði, Klemens Sigurðsson Arnarstapa og Runólfur Kristjánsson Grundarfirði skipaðir í stjórn Snæfells sem mun vera stærsta einstaka félagið innan Landssambands smábátaeigenda (LS).

Tillögur þykja róttækar

Aðalfundur Snæfells samþykkti fjölmargar tillögur til aðalfundar LS. Tvær þeirra þykja róttækar og ganga langt. Sú fyrri er að svokallaðir krókaaflamarksbátar fái leyfi til veiða með þorskanetum. Krókaflamark er sá kvóti sem fer til smábátaflotans með því skilyrði að aflinn sé veiddur á króka. Hin tillagan er sú að LS vinni að því að krókaaflamark verði sameinað aflamarki. Þannig verði smábátar í sama kvótakerfi og stóru skipin.

Á heimasíðu LS (smabatar.is) má lesa að „...í umræðu um tillögurnar hafi komið fram að megin áherslan fyrir þeim væri aðsteðjandi rekstrarvandi sem hlýst af mikilli hækkun á veiðigjaldi fyrir þorsk og ýsu. Á sama tíma og fiskverð hefur farið lækkandi er komin til framkvæmda á annað hundrað prósenta hækkun á veiðigjaldi tegundanna."

Vilja grásleppu í kvóta

Aðalfundur Snæfells samþykkti einnig að hafin skildi vinna við kvótasetningu á grásleppu þar sem svokölluð viðmiðunarár verði að lágmarki sjö. Verði niðurstaðan sú að leggja til kvóta á grásleppuna verði greidd atkvæði um hana meðal eigenda grásleppubáta. Hingað til hafa hrognkelsin ekki verið í kvóta heldur hefur ákveðnum fjölda veiðidaga með skilyrðum um veiðarfæranotkun verið úthlutað á bátana.

Fleira var samþykkt á fundinum, m. a. það að mótmæla harðlega hækkun veiðigjalda, strandveiðar verði heimilaðar 12 daga í mánuði, aukning línuívilnunar, áfram verði knúið á um 16% hlutdeild í heimildum til makrílveiða, öryggismál sjómanna og markaðsmál.

Andstaða í Reykjavík

Allar tillögur Snæfells 30 að tölu koma til umræðu á 33. aðalfundi Landssambands smábáta eigenda 19. og 20. október nk. Þær hafa þó þegar verið teknar til umr æðu í öðrum aðildarfélögum s. s. hjá Smábátafélagi Reykjavíkur. „Skemmst er frá því að segja að krafan lagðist illa í félagsmenn sem lögðust gegn öllum slíkum hugmyndum. Kerfið væri skýrt afmarkað með heimild til notkunar þeirra veiðarfæra sem sköpuðu veiðiheimildir í því - línu og handfærum. Bent var á að þeir sem vildu fara á troll, dragnót eða net væri í lófa lagið að skipta um veiðikerfi, láta frá sér heimildir í krókakerfinu og hasla sér völl í aflamarkskerfinu," segir í frétt á vef LS.

Handfæraþorskur dregst úr sjó. Nú vilja sumir frekar fá að taka hann í net.

Tilboð óskast

20609 - Staðarfell í Dalabyggð.

20609 - Ríkiskaup auglýsa til sölu húseignirnar að Staðarfelli á Fellströnd, Dalabyggð, fastanr. 211-7800. Um er að ræða fimm byggingar sem hýst hafa starfsemi SÁÁ frá árinu 1980. Öllum byggingunum hefur verið ágætlega við haldið. Náttúrufegurð er mikil og staðsetning er á rólegum og fallegum útsýnisstað til suðurs yfir Hvammsfjörð og Skógarströnd. Staðarfell er í um 30 mínútna aksturfjarlægð frá Búðardal.

Byggingarnar sem um ræðir eru:

1. Skólabygging frá 1912, 751 m². Í húsinu eru 24 herbergi, eldhús, matsalur, þvottahús ofl. Þarna var áður rekinn húsmæðraskóli.
2. Íbúðarhús með þremur íbúðum frá 1969, 291 m².
3. Íbúðarhús með tveimur íbúðum frá 1971, 135 m².
4. Véla- og verkfærageymsla frá 1955, 48 m², með kyndiklefa fyrir olíukyndingu.
5. Geymsluhúsnæði með kæligeymslu og þurrksvæði frá 1948, alls um 68 m².

Alls er heildarstærð húsanna talin vera um 1.293 m², brunabótamat kr. 260.191.000,- og fasteignamat kr. 59.810.000,- skv. Þjóðskrá Íslands – fasteignaskrá. Áætluð leigulóð er um 1,8 ha.

Húseignirnar eru til sýnis í samráði við Svein Gestsson í síma 893 6633.
Mikilvægt er að óska eftir skoðun með góðum fyrirvara þar sem starfsemi er í húsunum.
Óskað er eftir tilboðum í eignina. Tekin verður afstaða til móttekinna tilboða eftir 9. október 2017. Innsend tilboð skulu gilda í 4 vikur frá þeim degi.
Gögn og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu
Ríkiskaupa www.rikiskaup.is
Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, sími 530 1400.
Skrifstofa Ríkiskaupa er opin virka daga milli kl. 9:00 og 15:00.

Ath. ekki verður haldinn opnunarfundur vegna skila á tilboðum.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Ný bók Magnúsar Þórs um þátt Vesturlands í stríðinu

Nú er verið að prenta nýja bók á sviði sögu Íslands í seinni heimsstyrjöld eftir Magnús Þór Hafsteinsson ritstjóra Vesturlands. Titill bókarinnar er „Vargöld á vígaslóð – Frásagnir tengdar Íslandi úr seinni heimsstyrjöldinni."

Ísland var eitt mikilvægasta vígi bandamanna þegar staðan í seinni heimsstyrjöldinni var tvísýnust örlagaárin 1940–1942. Í bókinni eru sannar frásagnir sem ófust með einhverjum hætti saman við Ísland. Stór hluti bókarinnar snertir Vesturland með beinum hætti.

- Fyrsti frásagnarþáttur bókarinnar er af því er Bretar náðu glænýjum þýskum kafbáti undan Suðurlandi síðsumars 1941, tóku áhöfnina til fanga og færðu bátinn til Hvalfjarðar. Aðstaðan á Íslandi var lyklinn að því að þetta tókst. Winston Churchill kallaði þetta einstæðan viðburð í sögunni. Taka bátsins afhjúpaði mörg af dýrmætustu leyndarmálum Þjóðverja í kafbátahernaðinum. Meðal heimilda Magnúsar í þessum þætti eru leyniskjöl Breta og Bandaríkjamanna úr stríðinu um töku kafbátsins.

- Fyrsta sjóorrusta stríðsins varð undan Hornafirði í byrjun vetrar 1939. Hundruðum Breta var slátrað í miskunnalausri skothríð nýjustu herskipa Þjóðverja.

- Mesti skipsskaði í sögu Bretaveldis varð er bresku liðsflutningaskipi var sökkt við Frakkland. Nokkrum dögum fyrr flutti skipið fyrstu bresku hermennina til Íslands sem stigu á land í Reykjavík og hernámu meðal annars Vesturland.

-Viðgerðaskipið Hecla kom glænýtt til Íslands og lá um margra mánaða skeið í Hvalfirði. Þýskur kafbátur sökkti skipinu síðar með miklu manntjóni.

-Hernám Íslands hafði djúpstæð áhrif á íslensk börn. Valinkunnir Íslendingar sem ólust upp á Kjalarnesi og í Kjós og lifðu stríðsárin við Hvalfjörð rifja upp reynslu sína af þessum umbrotatímum á æskuárum sínum. Þar á meðal greinir Ólafur Ólafsson fyrrum landlæknir sem bjó í Brautarholti frá hernáminu á Kjalarnesi. Dr. Björn Sigurbjörnsson síðar forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðuneytisstjóri í Landbúnaðarráðuneytinu segir meðal annars frá því hvernig hann ásamt bróður sínum „njósnaði" um herskipaumferð í Hvalfirði. Bræðurnir bjuggu á Kiðafelli í Kjós og skráðu upplýsingar um skipin í dagbækur og teiknuðu þau á firðinum. Nokkrar af þessum teikningum Björns eru í bókinni.

Magnús Þór Hafsteinsson hefur áður sent frá sér rómaðar bækur um þátt Íslands í sögu seinni heimsstyrjaldar. Þær eru „Dauðinn í Dumbshafi" sem kom út 2011, „Návígi á norðurslóðum" (2012) og „Tarfurinn frá Skalpaflóa" sem var gefin út árið 2014. Nýjasta bókin „Vargöld á vígaslóð" er prýdd fjölda ljósmynda sem margar eru einstakar.

Haustið er tími framkvæmda - eigum til afhendingar:

TRIMO GÁMAHÚS

Eigum til afhendingar bogahýsi frá Future Rundbuehaller. Stálvirkið er galvaniserað og báraujárnið tilsniðið. Flótleg og hagkvæm lausn! Til í eftirfarandi stærðum:

5x6 án framgafls
5x6 með framgafli og hurð (2,4x2,4m)
5x9 með framgafli og hurð (2,4x2,4m)

Trimo gámana færð þú hjá HÝSI. Eigum til á lager gáma með og án salernis. Til búið til afhendingar!

Bogahýsi til á lager

Hýsi - Merkúr hf - Lambhagavegur 6 - 113 Reykjavík - Sími 534 6050 - hysi@hysi.is

HÝSI

Þú getur stólað á okkur

Íslensk hágæða framleiðsla

Eldhússtóll

Eldhússtólinn sígildi fæst í mörgum litum. Hægt er að fá grindina krómaða eða litaða og áklæði er til í fjölbreyttu litaúrvali.
Góð hönnun stenst tímans tönn og er sívinsæl.

Verð 27.900 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Stacco

Stacco er staflanlegur fjölnota stóll sem hentar við öll tækifæri. Auðvelt er að flytja hann milli rýma á þartilgerðum vögnum sem Stáliðjan framleiðir. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 31.100 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Lúdó

Lúdo er þægilegur og meðfærilegur og hentar jafnt við eldhúsborðið heima og á vinnustað. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 26.900 kr.

Rondó

Þægilegur og léttur stóll við kaffiborðið eða eldhúsborðið. Hann hentar vel í eldhúsið heima hjá þér og jafnframt í fundarherbergið á vinnustaðnum. Rondó er með standard setu og grindin er úr krómi. Fjölbreytt litaúrval.

Verð 25.900 kr.

Eldhúsborð

Með föstum T-fótum úr krómi. Við bjóðum upp á borðplötur í nokkrum litum.

Borðplata
Verð 18.375 kr.

T borðfætur undir borð
Verð 24.125 kr.
(parið)

Samtals Verð 42.500 kr.

Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgróið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

AÐSENDAR GREINAR:

KOSIÐ UM TRAUST

Við Vinstri græn viljum leiða vinstri félagshyggjustjórn sem byggir á þeim grunni að allir eigi rétt á að lifa mannsæmandi lífi og fái jöfn tækifæri í lífinu og að bættur þjóðarhagur eigi að nýtast til jöfnuðar og öflugrar innviðauppbyggingar í landinu.

Það er ekki óskastaða að kosið sé til Alþingis á hverju ári en þegar ríkisstjórn er rúin trausti og fellur þá er ekkert annað í spilunum en að gefa upp á nýtt og færa kjósendum það lýðræðislega vald að velja sér fulltrúa sem eru traustsins verðir til að stýra landinu næsta kjörtímabil.

Við sáum á spilin hjá fráfarandi ríkisstjórn þegar mælt var fyrir fjárlögum næsta árs. Þar var boðaður sami samdrátturinn í samneyslu þjóðarinnar.

Menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, löggæslan og samgöngukerfið skilið eftir fjársvelt ekki tekið á kjörum aldraðra og öryrkja eða húsnæðisvanda ungs fólks eða kjörum barnafólks.

Hvenær kemur kakan mín og jólin?

Hvenær er hægt að fjármagna þessa málaflokka með sómasamlegum hætti? Þeir hafa verulega látið á sjá eftir þrengingar eftirhrunsáranna „...ef ekki þegar ríkissjóður skilar 44 milljörðum í tekjuafgang eins og kynnt var af fráfarandi ríkisstjórn?“

Nei, við verðum að snúa af þeirri leið að láta innviði samfélagsins grotna niður og ójöfnuðinn halda áfram að aukast í landinu.

Byggjum á styrkleikum hvers svæðis

Landsbyggðirnar hafa glímt við margskonar vanda þó svokallað góðæri ríki sem nær langt í frá til allra byggða eða alls almennings í landinu.

Á Vesturlandi eru fjölbreyttar menntastofnanir mjög dýrmætar stoðir sem verður að standa vörð um því fjölbreytt framboð menntunar er lykilatriði til þess að styrkja búsetu og nýsköpun.

Við höfum horft uppá hve framsalið í kvótakerfinu fer óblíðum höndum um starfsfólk í greininni í skjóli hagræðingar og líka vanda sauðfjárbænda sem kjark hefur vantað til að mæta.

Í þessum málaflokkum þarf félagshyggjustjórn að koma að með skynsamlegum úrbótum og lausnum sem tryggir atvinnu og búsetuöryggi fólks til lengri tíma.

Heilbrigðisstofnanir út um land eiga að fá að njóta styrkleika sinna og fá að eflast á sínum forsendum og létta þar með á álagi á hátæknisjúkrahúsi allra landsmanna LHS.

Stöndum vörð um nýsköpun og fjölskyldufyrirtæki

Það er mikilvægt að styrkja alla nýsköpun, rannsóknir og sprotafyrirtæki. Landsbyggðirnar, eins ólíkar og þær geta verið, eiga það sammerkt að þær þurfa að byggja á sterkum innviðum og þurfa að vera sem best samkeppnisfærar um fólk og fyrirtæki.

Ferðaþjónustan er orðin stærsta útflutningsgrein landsins. Þar liggja ótal tækifæri sem verða að ná út fyrir höfuðborgarsvæðið með góðum samgöngum og annari innviðauppbyggingu. Það má ekki kæfa uppbyggingu sprotafyrirtækja í ferðaþjónustu á landsbyggðinni með stóraukinni skattlagningu eins og boðað er.

Mikil samþjöppun hefur átt sér stað í sjávarútvegi og tilhneiging hefur verið í þá átt líka í landbúnaði. Það er ekki góð þróun. Við eigum að standa vörð um hefðbundin fjölskyldufyrirtæki því þau eru mikilvæg í byggðafestu og atvinnusköpun í landinu.

Kosið gegn leyndarhyggju og spillingu

Náttúruvernd, kvenfrelsi og réttur til mannsæmandi lífs og tækifæra óháð efnahag, aldri eða búsetu er meginþráður í stefnu okkar Vinstri grænna. Fyrir þeim grunngildum munum við berjast í Vinstri félagshyggjustjórn fáum við til þess stuðning.

Ríkisstjórnin sprakk á leyndarhyggju og þöggun. Almenningur setti mannúðarmál, mannréttindi og baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi á dagskrá gegn samtryggingu þöggunar aflanna.

Við verðum að hafa kjark og þor til þess að stokka upp spilin í komandi kosningum og kjósa gegn spillingu og með réttlátu og heiðarlegu þjóðfélagi.

Lilja Rafney Magnúsdóttir þingmaður Vinstri grænna í NV kjördæmi.

Kallið er komið

Fallegt sumar er á undanhaldi og dagarnir styttast. Dagar skammlífrar ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar eru með öllu taldir, „kallið er komið, komin er nú stundin“.

Aldraðir

Ríkisstjórnin gumaði af því í upphafi þings, að nú um áramót myndi hefjast stórkostleg vegferð í þágu aldraðra sem á fimm ára tímabili myndi enda með hundrað þúsund króna frítekjumarki sem er hneisa. Samfylkingin heitir því að þessu marki verði náð strax. Við eigum að auka sveigjanleika stórra hópa til atvinnuþátttöku eftir aðstæðum hvers og eins. Nú, á einstöku velmegunarskeiði eftir mögur ár, þegar hægt hefur verið að rétta hlut þeirra sem höllum fæti standa, sýndi ríkisstjórnin hvað hefur forgang. Það reyndist sannarlega ekki hagur venjulegs fólks.

Börnin

Barnafjölskyldurnar hafa verið hlunnfarnar. Þar hefur íhaldið gengið einbeitt fram, skert stuðning við börn. Hverfandi hópur nýtur nú barnabóta, húsnæðisbóta og enn átti að stórlækka vaxtabæturnar. Rótin er stefna síðustu ríkisstjórna undir gamalkunnu ægivaldi Sjálfstæðisflokksins, þeim finnst þetta í lagi. Það finnst okkur ekki og við munum rétta hlut barnafólks, að barnafjölskyldur njóti barnabóta, betra atlætis.

Heilbrigðiskerfið

Það er sama hvar borið er niður í velferðarmálum. Gammar og gróðaöfl sölsa undir sig heilbrigðiskerfið og starfrækja þjónustuna sem rífandi bisness. Heilbrigðisstofnanir út um landið hins vegar sem þegar eru á heljar þröm eiga ekki möguleika og búa við áframhaldandi fjársvelti. fjárlagafrumvarp Benedikts Jóhannessonar sýndi svo ekki var um villst að það átti að halda nákvæmlega sama striki.

Einkageirinn svífur aftur á móti seglum þöndum, Sjúkratryggingar Íslands borga á meðan almennar heilbrigðisstofnanir svelta.

Fátækt er pólitík

Þetta snýst um stjórnmál hvernig komið er. Fátækt á Íslandi er afleiðing pólitískra ákvarðana. Þar ber Sjálfstæðisflokkurinn mikla ábyrgð. Þessu er hægt að snúa við og skapa samfélag þar sem afkoma allra er tryggð. Það þarf hins vegar vilja og aðra sýn en nýfallin ríkistjórn hafði. Sýnum réttlæti, sköpum eitt samfélag fyrir alla.

Landsbyggðin

Við eigum að standa vörð, vera jákvæð og uppbyggileg í garð landsbyggðar sem vill eflast á eigin forsendum. Við eigum að styðja endursköpun okkar mikilvægu matvælaframleiðslu í landbúnaði og sömuleiðis nýjar atvinnugreinar í sátt við umhverfið, ónumin lönd eru í ferðaþjónustu. Í innviðauppbyggingu vega stórbættar samgöngur á landsbyggðinni þyngst.

Fjölnota svik

Við höfum því miður orðið vitni að því, í svo mörgu, að litlar efndir fylgja orðum og nú er Sjálfstæðisflokkurinn enn kominn af stað. Formaðurinn reynir að telja almenningi trú um, þriðju kosningarnar í röð, að heilbrigðisþjónustan, kjör aldraðra og öryrkja séu sérstakt forgangsverkefni. Trúir einhver þessu?

Sanngirni

Það eru ekki velferðarmálin, ekki hagur barna eða umburðarlyndi og mannúð gagnvart fólki í neyð sem sett eru í öndvegi. Þeir sem standa höllum fæti eru settir til hliðar. Þessu vilja jafnaðarmenn breyta, það munu þau öfl sem nú voru bráðkvödd ekki gera. Gefum þreyttum og svikulum stjórnmálaflokkum hvíld, verum djörf og kjósum umbætur.

Guðjón Brjánsson, þingmaður Samfylkingar í NV kjördæmi.

Jólahlaðborð á Fosshótel

Verð 9.400 kr. á mann

FOSSHOTEL STYKKISHÓLMUR

18. og 24. nóvember
2. og 9. desember

Pantanir í síma 430 2100 og á stykkisholmur@fosshotel.is

Gisting, morgunverður og jólahlaðborð verð á mann aðeins 15.400 kr.*

- Gildir fyrir tvo í herbergi
- Aukanótt 6.000 kr. á mann

*Verð í eins manns herbergi 19.500 kr.

Fagur fiskur í sjó

Safran og sítrus marineruð lúða, þorsklundir,
tvær tegundir af heimalagaðri síld, reyktur og grafinn lax,
steiktur þorskur, sjávarrétta salat og snöggsteiktur hvalur.

Kalt kjöt og villibráð
Villibráðarpaté, léttreyktar kjúklingabringur,
hangilæri, hamborgarahryggur, reykt nautatunga,
þurrkaður hrossavöðvi í lakkrís, juniper berja grafið lamb,
tvíreykt hangikjöt og reyktar andabringur.

Aðalréttir að hætti hússins
Kalkúnabringa í Dijon og pesto, hægeldað nautafille og pörusteik.

Eftirréttir
Ris a la mande með kirsuberjasósu, marens sprengja með
frosnum berjum og heimalagaður ítalskur ís.

FOSSHOTEL REYKHOLT

2. og 9. desember

Pantanir í síma 435 1260 og á reykholt@fosshotel.is

Gisting, morgunverður og jólahlaðborð verð á mann aðeins 15.400 kr.*

- Gildir fyrir tvo í herbergi
- Aukanótt 6.000 kr. á mann
- Uppfærsla í superior herb 4.000 kr.

*Verð í eins manns herbergi 19.500 kr.

Matseðill

Forréttir
Humarsúpa, grafið nautakjöt frá Signýjarstöðum,
heit reyktur lax, grafin lax, reyktur lax,
tvíreykt hangikjöt, paté, grafið hross, laufabrauð,
rúgbrauð og heimabakað brauð.

Aðalréttir
Svína hamborgarhryggur, hangikjöt,
lambalæri og kalkúnabringa.

Eftirréttir
Ískaka frá Erpsstöðum, frönsk súkkulaði kaka,
tíramísú og smákökur.

fosshotel.is/jol

FOSSHOTEL

Ellý hefur margs að minnast. „Ég hef átt ógeðslega skrautlegt líf," segir hún sjálf og lýsir högum sínum og ferli hispurslaust og óhikað. Í baksýn er eitt af hafmeyjumálverkum hennar en þar sækir hún innblástur meðal annars í brimið við klettana á Akranesi.

Ellý kveður Akranes

AKRANES:

Ég var nýbúin í Listaháskóla Íslands og mig langaði að breyta til. Við bjuggum í Breiðholti í Reykjavík. Hverfið var að taka miklum breytingum og ég var ekki viss um að það væri gott fyrir börnin mín að alast þar upp. Eiginlega langaði mig til að búa í sveit, í ró og næði, og geri það reyndar enn. Ég sá að það var auglýst eftir forstöðumanneskju í unglingamiðstöð á Akranesi, sótti um og fékk starfið."

Við sitjum í gömlu húsi við Skólabraut á Akranesi. Handan götunnar er kirkjan. Við heyrum bílana aka framhjá. Það bergmálar í húsinu vegna þess að það er nær tómt nema að málverk prýða veggi. Listmunir standa líka í hillum eða á gólfi. Hér hefur Elínborg Halldórsdóttir söngkona, listmálari, handverkskona og kennari búið í níu af þeim fimmtán árum sem hún hefur átt heima á Akranesi ásamt börnum sínum. Nú hyggst hún flytja burt úr bænum.

Beinhörð barátta

Elínborg er þekkt kona en kannski frægust sem Ellý í Q4U. Þetta Q4U er pönkrokksveit sem hefur verið starfandi á Íslandi allar götur síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Til Akranes flutti Ellý árið 2002. „Fyrst leigði ég við Kirkjubraut ofan við verslunina Nínu meðan ég var að selja í Reykjavík. Svo byggði ég hús við Presthúsabraut. Alein. Keypti efnið í Kanada og lét flytja það hingað. Svo kom bara gámur með öllu og ég varð að gera allt ein. Maðurinn sem kom með hann kvaddi og sagði að ég væri rosa heppin: „Þú hefur heila tvo daga til að tæma gáminn." Það var engin leið til baka."

Ellý lýsir lífsbaráttunni á Akranesi. Hún segir að það hafi ekki verið neinn dans á rósum. Hún seldi nýja húsið á Presthúsabraut og borgaði skuldir. „Þetta var geðbilun."

Síðar keypti hún gamalt timburhús við Kirkjubraut og ætlaði að gera það upp. Það fór illa. Húsið var miklu verr farið heldur en ætlað var. Og svo kom hrunið 2008.

„Ég ætlaði að búa þar með börnin mín. Þau bjuggu öll hjá mér á efri hæðinni. Ég var búin að laga hana. Við vorum undir súð og lágum þar á einhverjum fletum. Öll börnin mín og barnabörn bjuggu þarna á 45 fermetrum í smá tíma yfir jól. Ég gleymi þessu aldrei. Ég gat ekki pakkað inn gjöfunum því það var svo þröngt. Ég lét þau bara loka augunum meðan ég pakkaði inn."

Ellý hlær við minninguna en stendur allt í einu upp og sækir lítil og falleg handgerð jólakort. „Við héldum tvö jól þarna. Seinni jólin vorum við svo fátæk, ég átti svo lítinn pening, að ég bjó svona kort til rétt fyrir jól og gekk í fyrirtækin við Kirkjubraut og seldi á 250 krónur stykkið til að geta keypt jólagjafir handa börnunum mínum. Þetta hefur verið 2009. Það var mjög erfiður tími. Ég fékk brjósklos og brenndist þegar sjóðandi vatn helltist yfir mig, var á sjúkrahúsi og var frá vinnu."

Lærdómsrík ár

En þú hefur einhvern veginn þraukað?

„Já, já," svarar Ellý að bragði eins og ekkert sé sjálfsagðara. Þrátt fyrir erfiðleikana virðist uppgjöf aldrei hafa verið valkostur í hennar huga. „Ég vann við kennslu, fór í Háskólann og lærði kennslufræði, ég var í sjónvarpsþáttunum X-Factor, og síðan kenndi ég víðar. Meðal annars myndlist svo sem hjá gamla fólkinu á Fellsenda í Dölum. Það var yndislegt og ég sakna þess."

„Ég hef átt ógeðslega skrautlegt líf. Hér áður hélt ég að ef ég eignaðist börn þá yrði ég eins og allir hinir. En auðvitað skeði það ekkert. Ég sat alltaf uppi með sjálfa mig og sat líka uppi með að eiga börn sem ég þurfti að taka ábyrgð á. Ég þurfti því aldeilis að taka sjálfa mig í gegn og gerði það."

Listsköpunarverkfærin.

Ellý er mjög margt til lista lagt. Hún er til dæmis frábær ljósmyndafyrirsæta. Fatnaður Ellýjar á þessum myndum er úr „Dularfullu búðinni" á Akranesi.

Þarna vísar Ellý til þess þegar hún tók þá ákvörðun að hætta neyslu áfengis og vímuefna. Það var 1991 og hún hefur látið allt slíkt eiga sig síðan. Það var nóg að takast á við lífið án þessa.

Uppkomin efnisbörn

Ellý talar um börnin sín. „Þau eru fjögur og öll fyrirferðamikil. Það voru ekki mörg ár á milli þeirra þriggja yngstu. Ég var ein með þau. Það var mjög krefjandi."

Elsta dóttirnin Erna Gunnþórsdóttir býr í Slóvakíu. „Hún er búin að klára hjúkrunarnám á Íslandi og er nú að ljúka læknanámi í Slóvakíu."

Nú upp úr áramótum ætlar Ellý að flytja út til Ernu og vera hjá dóttur sinni næsta hálfa árið meðan hún lýkur læknanáminu. „Erna er búin að vera rosalega dugleg," segir Ellý með stolti og væntumþykju í röddinni. „Hún er alltaf best og var líka best í að vera verst eins og mamma hennar," segir Ellý og verður kankvís á svip. „He, he, he," hlær pönkdrottning Íslands. Ellý hefur húmor fyrir sjálfri sér.

Yngsta dóttirin Halldóra verður 18 ára á næsta ári og gengur í Fjölbrautaskóla Vesturlands. „Hún stendur sig vel, hún er rosalega dugleg." Þegar

Nú í september hélt Ellý sölusýningu á verkum sínum í húsinu við Skólabraut á Akranesi þar sem hún hefur búið með börnum sínum í níu ár. Hér er hún innan um listaverkin sín.

Það er stutt í brosið og hláturinn hjá Ellý. Uppgjöf hefur aldrei verið neinn valkostur í hennar

„ÉG ER BARA EIN. ALEIN.”

Halldóra fæddist voru tvö eldri systkini hennar fjögurra og fimm ára gömul. „Alexandara eldri systir hennar er að fara að eignast barn á næstunni. Hún býr ásamt unnusta sínum hér á Akranesi.“

Sjálfstæð kona á tímamótum

En hvað með Ellý sjálfa? Hvað gerir hún? „Ég er bara ein. Alein. Ég hef eiginlega aldrei búið með manni allt mitt líf. Ég er bara ein. Ég er bara ekki tilbúin í að búa með manni. Ég er orðin svo frek.“

Hún segir að þetta hafi gert sig sjálfstæða. Hún sé vön að gera allt sjálf. Bjarga sér, - jafnvel við það að tengja ljós. „Ég pípulegg þó ekki og hef lært að láta raflagnir í friði.“

En hvað með Akranes, bæinn sem hún ætlar nú að flytja frá eftir 15 ára búsetu? „Frábært,“ segir Ellý strax. „Mér hefur liðið mjög vel hér og er mjög sátt við árin hér á Akranesi. Mér finnst ekkert vænt um Reykjavík en mér þykir vænt um Akranes. Ég fann það strax þegar ég ók hér um göturnar í fyrsta skipti.“

Hún segir að Akranesárin hafi að mörgu leyti verið gjöfull tími. „Ég hef fengið frið til listsköpunar hér á Akranesi. Það hentar mér ekki vel að búa við mikinn gestagang. Ég verð að vera alein þegar ég mála. Ég hef málað frá því ég fæddist, alveg síðan ég var pínulítið barn. Ég skrifaði strax vel og teiknaði stöðugt. Reyndar dró úr því að ég málaði þegar ég flutti á Skagann vegna þess að ég var alltaf að vinna í öðru. En í dag mála ég á hverjum degi, og reyndar oft á nóttunni. Svo erum við í Q4U búin að gefa út þrjár plötur meðan ég bjó hér á Akranesi og þær hafa allar fengið frábærar móttökur og dóma.“

Ellý segir að hún sé nú komin að vatnaskilum í lífi sínu. Nýr kafli er að hefjast. „Mér finnst það æðislegt. Þetta eru tímamót. Börnin eru komin upp. Ég er rosalega spennt fyrir framtíðinni.“

Akranes verður fátækara þegar Ellý fer.

Texti: Magnús Þór Hafsteinsson
Myndir: Friðþjófur Helgason



Nokkur verka Ellýjar sem öll eru til sölu.

ELSA LÁRA HÆTTIR

VESTURLAND: Elsa Lára Arnardóttir þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi hyggst ekki gefa kost á sér í komandi Alþingiskosningum 28. október næstkomandi. Hún tilkynnti þetta á auka kjördæmisþingi flokks síns sem haldið var í Reykjaskóla í Hrútafirði 23. september. Þar flutti Elsa Lára ræðu sem hún birti svo á Facebook-síðu sinni. Ræðan fer hér á eftir:

„Kæru félagar og vinir.

Það er ljúft að sjá ykkur öll saman hér og ég vil þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til að koma hér og ræða málin. Það er mjög mikilvægt í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er. Þið sem eruð grasrót flokksins eruð okkur, kjörnum fulltrúum afar mikilvæg, því án ykkar þá hefðum við ekki þá gleði og þann kraft sem þarf til að sinna þeim störfum, sem starf alþingismanns felur í sér.

Ég er ykkur afar þakklát fyrir það mikla traust sem þið hafið sýnt mér með því að treysta mér fyrir mikilvægum verkefnum innan þingsins og utan. Þetta hefur verið lærdómsríkur tími og ég er ekki sammála þeim sem segja að þingmenn séu eingöngu stimpilpúði fyrir ráðuneytin. Þingmenn geta auðveldlega haft áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku um strauma og stefnur ríkisstjórna. Þetta snýst um að undirbúa sig vel, mæta vel og hafa þannig áhrif.

Í ríkisstjórnartíð Framsóknarflokksins fékk ég sæti í Verkefnastjórn um framtíðarskipan húsnæðismála þar sem grunnur var lagður að nýju húsnæðiskerfi. Ég náði í gegn mikilvægum breytingartillögum í almannatryggingakerfinu, í barnaverndarmálum, húsnæðismálunum og barðist gegn matarskatti Sjálfstæðismanna, svo að eitthvað sé nefnt. Á síðasta ári samþykktu allir þingmenn tillögu mína um stefnumótun í heilbrigðiskerfinu og sú vinna var komin á fullt innan heilbrigðisráðuneytisins.

Á þessu þingi voru forgangsmálin mín, húsnæðismál og afnám verðtryggingar. Þau mál voru bæði tilbúin þegar það slitnaði upp úr þinginu. Auk þessa vann stór hluti þingmannahóps Norðvesturkjördæmis að lagasetningu um Teigsskóg.

Ég hef fundið mikinn stuðning um að ég stígi ofar og gefi kost á mér til áframhaldandi þingsetu. Ég er og verð alltaf þakklát fyrir þennan hlýhug og traust. Þetta er ómetanlegt. Ég hef þó ákveðið að gefa ekki kost á mér að þessu sinni, til starfa á þingi. Þetta er erfið ákvörðun en ég finn að hún er rétt við þessar aðstæður.

Ég ætla að nýta næstu vikur til að sinna fjölskyldu minni sem hefur verið á hliðarlínunni undanfarin ár og stutt mig til allra verka.

Ég er sannur Framsóknarmaður og trúi á gildi Framsóknarflokksins. Þess vegna ætla ég að halda áfram að vinna vel fyrir flokkinn, þó á öðrum vettvangi, að minnsta kosti um sinn.

Ég þakka ykkur enn og aftur það mikla traust sem þið hafið sýnt mér. Það er ómetanlegt.“

Elsa Lára Arnardóttir hefur setið á þingi síðan 2013.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kosið verður til Alþingis laugardaginn 28. október 2017.
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin.
Í umdæmi Sýslumannsins á Vesturlandi fer hún fram á eftirtöldum stöðum:

Akranesi - skrifstofu sýslumanns, Stillholti 16-18,
virka daga kl. 10.00 til 15.00

Borgarnesi - skrifstofu sýslumanns, Bjarnarbraut 2,
virka daga kl. 10.00 til 15.00

Búðardal - skrifstofu sýslumanns, Miðbraut 11,
virka daga kl. 12:30 til 15.30

Eyja- og Miklaholtshreppi - skrifstofu hreppsstjóra, Þverá,
virka daga kl. 12.00 til 13.00

Snæfellsbæ - skrifstofu Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4,
virka daga kl.09.00 til 12.00 og 13.00 til 15.30.

Stykkishólmi - skrifstofu sýslumanns, Borgarbraut 2,
virka daga kl. 10.00 til 15.00

Hægt er að kjósa á öðrum tíma samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi kjörstjóra.

Kjósendum er bent á að hafa persónuskilríki meðferðis á kjörstað.

Stykkishólmi, 22. september 2017
Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Eva Pandora Baldursdóttir.

Nú er komið haust.

ÓÐUR TIL KOSNINGA

AÐSENDAR GREINAR:

Það kólnar í lofti, haustlægðirnar koma yfir landið hver á fætur annarri, gróðurinn tekur á sig sinn fallega lit sem einkennir árstíðina og börnin fara aftur í skólann sinn. Já og svo eru auðvitað líka kosningar.

Þegar ganga á til kosninga í þriðja sinna sinn á aðeins fimm árum hlýtur að vera kominn tími til þess að staldra aðeins við og velta vöngum. Af hverju stafar þessi óstöðugleiki í stjórnmálunum?

Enn á ný hefur almenningur risið upp og látið í sér heyra og skilaboðin eru skýr. Við viljum breyta stjórnmálamenningunni. Við viljum betri vinnubrögð í stjórnmálunum, meira gagnsæi í stjórnsýslunni og við gerum þá kröfu að stjórnmálamenn starfi með hag almennings að leiðarljósi. Þjóðin á skilið að stjórnmálamenn starfi af heilum hug að því að byggja brú á milli hennar og stjórnmálanna, að stjórnmálamenn vinni af heilum hug að því að auka traust hennar til Alþingis.

Að skipta út stjórnmálamönnum eða stjórnmálaflokkum mun ekki breyta miklu nema grunngildum stjórnmálanna sé breytt, stjórnmálamenningunni sé breytt. Allir flokkar gefa fögur loforð í aðdraganda kosninga og flestir gera það af góðum hug og vilja til þess að bæta samfélagið. Þegar á hólminn er komið og flokkar jafnvel komnir í ríkisstjórn virðist oftar en ekki illmögulegt að standa við gefin loforð ýmist vegna „pólitísks ómöguleika“ eða einhverrar kerfislægrar tregðu.

Það ætti að vera krafa að stjórnmálamenn standi við gefin loforð. Ef það er ekki gert þá ætti almenningur að hafa óskoraðan rétt til þess að vera upplýstur um af hverju það er ekki hægt. Gagnsæi er lykilatriðið. Það þarf að eyða þeirri kerfislægu hneigð stjórnvalda að leyna upplýsingum fyrir almenningi til þess að vernda eigin hagsmuni. Alþingismenn starfa í umboði þjóðarinnar og því skal aldrei gleyma.

Í framtíðinni munu stjórnmál og stjórnsýsla vera gagnsæ og allar upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda munu vera tiltæk án undandráttar. Almenningur mun hafa tryggan aðgang að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða sýsla með.

Til þess að stuðla að þessari framtíð vil ég hvetja alla kjósendur, sérstaklega ungt fólk, til þess að taka framtíð sína í eigin hendur og nýta kosningarétt sinn.

Eva Pandora Baldursdóttir, þingmaður Pírata í Norðvesturkjördæmi.

SÆTOPPUR

Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Kerrurnar frá Humbaur hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg,
mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan.
Verð kr: 399,000. – án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg,
mál frá 2.65x1.65m til 6.10x2.48m.

Load-Master, 750kg sleða-fjórhjóla-golfbílakerra, sturtanleg,
mál: 305x166cm.
Verð kr: 270,000,- án vsk.

Ýmsar gerðir og möguleikar HUMBAUR

Topplausnir
www.Topplausnir.is - S: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Nýtt á Íslandi frá Wörmann kerrum!

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

WC-vagn ýmsar útfærslur. Leitið upplýsinga.

WÖRMANN
world of trailers

Aðsend grein:

Óvæntar Alþingskosningar

Boðað hefur verið til Alþingiskosninga þann 28.október nk. Fram undan er stutt og snörp kosningabarátta. Langan tíma tók að koma saman þeirri ríkisstjórn sem nú fer frá. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er, að eftir síðustu kosningar gátu sumir flokkar ekki axlað þá ábyrgð eða voru svo illa haldnir af innanmeinum að fáir vildu með þeim starfa.

Enginn efast um að það stjórnarsamstarf hafi fyrst og fremst verið reist á þeirri skyldu sem alþingismenn eiga að standa undir. Hún er að hér starfi ríkisstjórn. Eftir síðustu kosningar var þetta eini meirihlutinn sem tókst að mynda.

Íslandsmet í ábyrgðarleysi

Því er mikill ábyrgðarhluti að slíta ríkisstjórn og skapa slíka óvissu sem Viðreisn og Björt framtíð hafa gert með brotthlaupi sínu. Ábyrgðarleysi þeirra skapar samfélaginu mikið tjón.

Það hlýtur að hafa verið Íslandsmet í ábyrgðarleysi að taka ekki eitt samtal við samstarfsflokk sinn og í það minnsta skýra hvers vegna hlaupið væri frá borði. Fjölmargar eftiráskýringar hafa seinna komið fram. Þær staðfesta einfaldlega hve ábyrgðarlaust fólk var þegar þau stukku út í skjóli nætur. Fyrst Björt framtíð. Síðan þegar Viðreisn boðar til fundar eftir miðnætti og ákveður síðan undir morgun að reyna að hlaupa hraðar frá ábyrgð sinni en Björt framtíð. Það getur varla verið mikið jafnvægi og festa í slíkum flokkum.

Nýr meirihluti og gönuhlaup

Viðreisn kallaði eftir rannsókn á samskiptum dómsmálaráðherra og forsætisráðherra.

Viðreisn gekk svo langt að mynda nýjan meirihluta í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og felldi formann hennar. Þá mátti loksins notast við Framsóknarflokkinn sem gekk viljugur til verksins. Það var athyglisvert framtak Framsóknarmanna.

Fulltrúi Viðreisnar stýrði opnum fundi með dómsmálaráðherra sem greiðlega svaraði fyrir embættisverk sín. Á þeim fundi kallaði Björt framtíð eftir rannsókn á allri íslensku stjórnsýslunni. Hinum nýja formanni kom ekki til hugar að beita sér fyrir að hafa fund með umboðsmanni Alþingis opinn – sem sannarlega var þó þörf á. Umboðsmaður hrakti þar greiðlega þann málflutning að hér væri um trúnaðarbrot að ræða.

Á þeirri stundu voru stjórnarslitin afhjúpuð sem mesta gönuhlaup í íslenskri stjórnmálasögu.

Góð staða

Okkur gengur flest í haginn í efnahagsmálum. Hagvöxtur er verulegur. Aukinn kaupmáttur og stöðugt verðlag. Lág verðbólga og lækkandi fjármagnskostnaður. Verulega hefur verið aukið við framlög til velferðarmála, heilbrigðis og almannatrygginga.

Verkefni við stjórn efnahagsmála hafa helst verið að lækka hratt sam-

eiginlegar skuldir okkar og halda aftur af þenslu. Þær fjárhæðir lækka sem ríkissjóður þarf til að greiða árlega vaxtakostnað. Það er mikilvægt því ekki er hægt að gera ráð fyrir að jafn kröftugur hagsvöxtur, sem verið hefur, haldi til lengri tíma. Það er því mikilvægt að verja sem best þá stöðu og taka ekki áhættu.

Það er mikilvægt fyrir kjósendur að geta treyst á að stjórnmálamenn hlaupi ekki undan ábyrgð sinni. Hvort sem er vegna mótlætis í stjórnarsamstarfi eða ótta við axla ábyrgð af landstjórninni. Höfum það í huga 28. október næstkomandi.

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.

Sláturtíð

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

Egilsholti 1
Verslun, sími: 430 5500
Opið virka daga 8-18
Laugardaga 10-14
www.kb.is, verslun@kb.is

Gott úrval hnífa og brýna

Kjötnet, kjötkrókar, pækilmælar

Gott úrval af tunnum og fötum

Kjötfarsblanda, rúllupylsukrydd, nítrítsalt og gróft salt

SKESSUHORN 2017

VÉLVÍK ehf
www.velvik.is

HAUSTILBOÐ

10% haustafsláttur af öllum GARÐHÚSUM

og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar

www.volundarhus.is

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

vǫlundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/17-01

Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og Albert Þór Magnússon við opnun Lindex í Reykjanesbæ.

VERSLUN LINDEX OPNAR Á AKRANESI

Forráðamenn Lindex á Íslandi hafa ákveðið að opna opna nýja verslun á Akranesi 4. Nóvember næstkomandi. Verslunin er um 360 fermetrar að stærð og staðsett í miðbæ Akraness milli Eymundsson og Krónunnar. Verslunin mun bjóða tískufatnað fyrir konur, undirfatnað, barnafatnað og snyrtivörur á hagkvæmu verði.

„Ég er óskaplega spenntur fyrir því að opna það sem ég er sannfærður um að verði glæsileg Lindex verslun hér á Akranesi. Verslun okkará Suðurnesjum hefur gengið vonum framar og hefur hvatt okkur áfram til að taka næstu skref og er því sérlega ánægjulegt að geta kynnt þetta í dag," segir Albert Þór Magnússon, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Verslun Lindex á Akranes verður til húsa að Dalbraut 1 við hlið bóka bókaverslunar Eymundsson og Krónunnar en þar eru einnig Subwar, Bókasafn Akraness, Ormsson, Íslandsbanki og Tónlistarskóli Akraness. Þar var síðast verslun árið 2008 þegar tölvuverslun var þar til húsa. Með þessari breytingu mun allt húsnæði í miðbænum vera útleigt að fullu.

„Við erum gríðarlega ánægð með að hafa náð saman með Lindex um uppbyggingu á Akranesi. Verslun Krónunnar hefur verið mjög vaxandi síðustu misseri og því er þessi breyting mikið framfaraskref fyrir miðbæ Akraness og Vestlendinga ásamt öðrum gestum sem þangað sækja," segir Þórarinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Festis fasteignafélags.

Akranes er stærsta bæjarfélagið á Vesturlandi með um 7.000 og er stærsti þjónustukjarni fyrir landshlutann.

Undirbúningur fyrir opnun Lindex er þegar hafinn en útlit verslunarinnar verður eftir svokallaðri „clean concept" hönnun Lindex en að auki verða kynntir þættir sem ekki hafa litið dagsins ljós í Lindex hér á landi. Innréttingahönnunin byggir á björtu yfirbragði þar sem hvítur er áberandi litur í bland við svart og viðartóna sem gefa útliti verslunarinnar skandinavískt yfirbragð.

Hugmyndafræði „clean concept" nær einnig til umhverfis- og sjálfbærnisstefnu Lindex og þetta endurspeglast í stöðugt auknu framboði vara framleiddum með sjálfbærum hætti. Fyrirtækið hefur einsett sér að 80% af framleiðslunni verði framleitt með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti fyrir árið 2020 umhverfisvænum og að 100% af bómull Lindex verði framleidd með lífrænum og/eða sjálfbærum hætti fyrir þann tíma. Síðastliðið haust kynntið Lindex möguleika til að endurnýta fatnað með því að skila til verslunarinnar og verða umbunað með inneign í gegnum aðild að vildarklúbbnum „More at Lindex". Þess ber að geta að langstærstur hluti af barnalínu Lindex er framleiddur úr lífrænni bómull nú þegar og endurunnum efnum.

„Við erum mjög spennt og vonumst til að sjá sem flesta Vestlendinga á opnunardaginn, laugardaginn 4. nóvember," segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir umboðsaðili Lindex á Íslandi.

(Fréttatilkynning).

NOKKAR STAÐREYNDIR UM LINDEX:

- Lindex rekur nú 7 verslanir á Íslandi, í Smáralind, Kringlunni, á Glerártorgi á Akureyri, Laugavegi 7 og íKrossmóum í Reykjanesbæ ásamt netverslun á lindex.is.

- Lindex býður upp á kventískufatnað, nærfatnað, barnafatnað og snyrtivörur á hagkvæmu verði.

- Lindex starfrækir tæplega 500 verslanir í 16 löndum og verslanir á netinu í öllum ESB löndum.

- Hjá fyrirtækinu starfa um 5.000 manns og um 100 manns á Íslandi.

- Aðalskrifstofur Lindex eru í Gautaborg í Svíþjóð.

- Lindex tilheyrir Stockmann Group sem er aðili að finnsku kauphöllini.

- Lindex styður baráttu UNICEF fyrir bættum hag barna í heiminum og Krabbameinsfélag Íslands.

- Frekari upplýsingar má finna á www.lindex.is og á Facebook – Lindex Iceland.

Hönnin byggir á björtu yfirbragði og múkum litbrigðum hvítra lita og svartra auk viðartóna sem gefur versluninni skandinavískt yfirbragð.



Hönnin byggir á björtu yfirbragði og múkum litbrigðum hvítra lita og svartra auk viðartóna sem gefur versluninni skandinavískt yfirbragð.

Vandaðar vörur, gott verð og fjölbreytt úrval

Baðaðu þig í gæðunum

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

TENGI

RÚM

Allt fyrir svefnherbergið





- Rúm
- Springdýnur
- Gaflar
- Dýnuhlífar
- Sængurföt
- Lök
- Heilsukoddar
- Rúmteppi
- Púðar
- Kistur
- Náttborð
- Bekkir
- Fylgihlutir

Íslensk hönnun

Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 Ø397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

VESTURLAND

Blaðinu er dreift í 7.000 eintökum á öll heimili á Akranesi, dreifbýli á Akranesi og Borgarnesi. Liggur einnig frammi á helstu þéttbýlisstöðum á Vesturlandi.

28. september 2017

16. TÖLUBLAÐ,6. ÁRGANGUR

125 ára afmæli Innra-Hólms-kirkju

HVALFJARÐARSVEIT: Sunnudaginn 1. október verður þess minnst með hátíðarmessu á Innra-Hólmi í Hvalfjarðarsveit að 125 ár eru liðin frá vígslu kirkjunnar þar. Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, sækir söfnuðinn heim og prédikar.

Hafist var handa um byggingu Innra-Hólmskirkja árið 1891 og hún vígð þann 27. mars árið eftir á 4. sunnudegi í föstu. Var það Árni Þorvaldsson, bóndi og hreppstjóri á Innra-Hólmi, sem var helsti hvatamaður kirkjubyggingarinnar og fékk hann til verksins Jón Jónsson Mýrdal, smið og skáldsagnahöfund en hann smíðaði einnig allar innréttingar kirkjunnar, sem þykja hinar vönduðustu. Guðmundur Helgason, prófastur í Reykholti, vígði kirkjuna og við fyrstu úttekt hennar var hún sögð "traustbyggð og gallalaus."

Innri-Hólmur er einn alelsti kirkjustaður landsins en fyrsta kirkjan þar var reist ofan á gröf landnáms- og einsetumannsins Ásólfs Alskik Konálssonar. Kirkja á Innra-Hólmi var í kaþólskum sið helguð Jóhannesi postula.

Messan hefst kl. 14.00 og að henni lokinni verður kirkjukaffi í Félagsheimilinu Miðgarði. Allir eru velkomnir.

VESTURLAND

kemur út hálfsmánaðarlega og er dreift frítt í 7.000 eintökum á öll heimili og fyrirtæki á Kjalarnesi, í Kjós, Akranesi, Borgarnesi, Stykkishólmi, Flatey, Grundarfirði, Ólafsvík, Snæfellsbæ, Hellissandi og í Búðardal.

Auglýsingasíminn er 578-1190 og auglýsingar sendist á auglysingar@fotspor.is